

Beitarhólf í Hafnarfirði

21.6 '17

Minnisblað

Hafnarfjarðarbær hefur nokkur beitarhólf í sínu landi sem eru „lánuð“ til íþróttafélaga, samtaka og fyrirtækja. Þetta eru beitarhólf sem eru sérstaklega ætluð hestum annars vegar og hins vegar rollum.

Eftirfarandi tafla sýnir hólfín og hjá hverjum þau eru til umráða:

Staður	nr á korti	samningur í gildi	gildistími samnings	rennur út	leigutaki	leiga	athugasemdir
Við Elliðavatnsveg (Flóttamannaveg) og skólagarðana	1	já	3 ár	27.jan.15	Sörli Hestamannafélag	nei	samningur framlengist um ár í seni
Neðan við Hlíðarþúfur	2	já	3 ár	27.jan.15	Sörli Hestamannafélag	nei	samningur framlengist um ár í seni
Kjóadalur	4	já	5 ár	12.jan.17	Íshestar	nei	samningur framlengist um 5ár í seni
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	5	Nei					
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	6	Nei					
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	7	Nei					
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	8	Nei					
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	9	Nei			Ingibergur Árnason		Samningur gerður sept 2009 og gilt
Krísuvíkurvegur við gamla tipp	10	Nei			Ingibergur Árnason		Samningur gerður sept 2009 og gilt
Beitarhólf við Kleifarvatn og Seltún	11	já	5 ár	27.jan.17	Sörli Hestamannafélag		samningur framlengist um 5ár í seni
Beitarhólf við Krísuvíkurbjarg	x	já	3 ár	11.jún.17	Fjáreigendafélag Hafnarfjarðar		Ekki sérstök framlengingarákvæði

Eins og sjá má eru þrjú aðilar með gildandi samninga um svæði, Sörli Hestamannafélag, Fjáreigendafélag Hafnarfjarðar og Íshestar.

Engin af þessum aðilum borgar fyrir afnot af hólfunum. Hins vegar er töluverður kostnaður við viðhald og uppgræðslu af sumum hólfunum.

Kjóadalur:

Hér var gerður samningur við Íshesta sem hafa haft þetta svæði til umráða í áratugi. Umgengni hefur verið bæði góð og slæm í gegnum tíðina. Við leggjum ekkert til í þetta svæði, Íshestar viðhalda girðingum og dreifa áburði sjálfir. Nú liggur fyrir erindi frá Hraunhestum ehf um að fá afnot af þessu svæði og býðst það fyrirtæki til að greiða fyrir afnotin. Þess má geta að Íshestar eru komnir með nýja kennitölu og er það ekki sú sama og er á samningi. Það er spurning hvort að hann sé í gildi og hvort að eðlilegt sé að eitt fyrirtæki umfram önnur fái landsvæði endurgjaldslaust til umráða.

Flóttamannavegur og Hlíðarþúfur:

Hestamannafélagið Sörli er með þessi svæði til umráða. Þau eru fyrst og fremst notuð til skammtímabeitar fyrir hestana í húsunum í hverfinu. Sörli úthlutar svæðum til sinna félagsmanna og við leggjum ekkert til í þessi svæði.

Krísuvík við Seltún:

Hestamannafélagið Sörli er með þetta hólf til umráðar og hefur haft í áratugi. Þetta er notað til sumarbeitar fyrir félagsmenn. Félagið sér um viðhald girðinga en við dreifum hestaskít frá Hlíðarþúfum í hólfid. Kostnaður við dreifingu er greiddur af fasteignareigendum í Hlíðarþúfum.

Krísuvík við Krísuvíkurbjarg:

Fjáreigendafélag Hafnarfjarðar hefur þetta hólf til umráða fyrir sína félagsmenn í Hafnarfirði og Garðabæ. Þetta hefur verið fjárbeitarhólf í áratugi. Hafnarfjarðarbær og Garðabær skipta með sér kostnaði á viðhaldi girðingar, sem er þónokkur árlega. Landgræðsla ríkisins hefur sinnt nauðsynlegri uppgræðslu með

fjárframlagi frá Hafnarfjarðarbæ og Garðarbæ og er árlegur kostnaður nokkrar milljónir. Uppgræðslan er nauðsynlega að mestu leyti útaf fjárbeitinni sjálfri.

Þegar staðan á öllum beitarhólfunum er skoðuð og borin saman má sjá ýmislegt missamræmi og hluti sem þyrfti að laga, m.a. til að gæta jafnræðis.

- Gæta þarf jafnræðis í úthlutun á Kjóadalnum, ef það á annað borð að vera beitarhólf. Að eitt fyrirtæki fái einkarétt á þessu landi án greiðslu er kannski ekki réttlætanlegt, sérstaklega þegar önnur sambærileg fyrirtæki hafa óskað eftir notkun á því. Einnig þarf að skoða sérstaklega hvort að Íshestar séu handhafar samningsins, nú þegar fyrirtækið hefur skipt um kennitölu.
- Hestamannafélagið fær land til notkunar eins og Fjáreigendafélagið, en munurinn er sá að við leggjum heilmikið til í Fjáreigendafélagið en ekki í Hestamannafélagið. Eðlilegast væri að Fjáreigendafélagið myndi sjá um viðhald girðingar og greiða fyrir uppgræðslu í hólfinu, líkt og Hestamannafélagið.

Mín tillaga er sú að allir samningar verði endurskoðaðir m.t.t. gjaldtöku fyrir landnotkun, áburðardreifingu og viðhaldi girðinga.

Virðingarfyllst,

Ishmael David
Framkvæmdadeild Hafnarfjarðar